



Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Forstöðumaður:
Hildur Friðriksdóttir

Eirbergi, Eiríksögðu 34
101 Reykjavík
Sími: 525-5280
Fax: 525-4963
Netfang: rsh@hi.is

Ritstjóri Rannsóknafréttar: Hildur Friðriksdóttir
Hafðu samband ef þú vilt gerast áskrifandi.

Í stjórn RSH sitja:
Erla Kolbrún Svavarsdóttir formaður
Helga Bragadóttir
Lilja Stefánsdóttir
Helga Gottfreðsdóttir

www.rsh.hi.is

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði heyrir undir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Rekstrarfé hennar kemur frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúsi. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala, m.a. með því að bygga upp tækjabúnað, hugbúnað, gagnabanka og önnur mikilvæg tæki til rannsókna.

Árið 2007 var stofnaður **Rannsóknasjóður Ingi-bjargar R. Magnúsdóttur**, sem ætlað er að styrkja hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til doktorsnáms. Ábúga-samir geta styrkt sjóðinn með ýmsu móti t.d. með frjálsum framlögum, sent minningar- eða tækjafæriskort o.fl. Hægt er að hafa samband við stofnunina í síma eða gegnum heimasíðu. Fjárhæðir má leggja inn á eftirfarandi banka-reikning hjá Glitni: 0513-26-004057. Kennitala styrktar-sjóða HÍ er 571292-3199.

Innleiðing fjölskylduhjúkrunar á Landspítala

Hjúkrunarstjórn hefur ákveðið að tillögu framkvæmdarstjóra hjúkrunar á Landspítala að hefja innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á öllum sviðum Landspítala.

Sú hugmyndafræði sem varð fyrir valinu er Calgary fjölskyldumats- og meðferðarlíkanið og hefur verið stofnaður stýrihópur sem samanstendur af einum fulltrúa af hverju sviði spítalans, auk fulltrúa frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Innan hvers sviðs verður myndaður hópur sem stýrir innleiðingu viðkomandi sviðs. Hún felst í fræðslu, þjálfun og stuðningi við hjúkrunarfræðinga og annað starfsfólk á deildum.

Fjögur svið hafa hafið innleiðingu og tvö munu fara af

stað í haust. Verkefnið mun ná til allra hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og annarra starfsmanna innan hjúkrunar á klínískum sviðum.

Markmiðið með verkefninu er að bæta gæði hjúkrunar og að efla samstarf við sjúklinginn og fjölskyldu hans. Önnur markmið eru að efla skráningu og auka rannsóknir innan fjölskylduhjúkrunar.

Stefnt er að því að í lok verkefnisins liggja fyrir niðurstöður 20 rannsóknarverkefna.

Verið er að vinna að því að gera mælitæki tilbúin til notkunar en árangur verkefnisins verður metinn með því að kanna viðhorf hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra til fjölskylduhjúkrunar, upplifun skjólstæðinga af þeim stuðningi sem veitt er af hjúkrunar-

fræðingum, starfshæfni fjölskyldna og starfsánægju hjúkrunarfræðinga og annarra starfsmanna hjúkrunar. Einnig verður gerð úttekt á skráningu fyrir og eftir innleiðingu.

Áætlað er að verkefnið taki fjögur ár.



Hluti stýrihóps fjölskylduhjúkrunar ásamt professor Lorraine Wright á hádegisverðarfundum þann 12. mars sl.

Rannsóknafréttir



Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Priðji hjúkrunarfræðingurinn doktor frá læknadeild HÍ

- **Kynningar á lokaverkefnum BS-nema, ljósmæðranema og meistaranema í hjúkrunarfræði eru framundan. Allir eru velkomnir á þær kynningar. Sjá nánar á bls. 2.**

Áhugavert í blaðinu

- Sagt er frá tveimur dæmum um hagnýtingu rannsókna, annars vegar til samfélagsins alls og hins vegar á Landspítala.

Árún Kristín Sigurðardóttir dósent og brautarstjóri í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri varði doktorsritgerð sína frá læknadeild Háskóla Íslands 4. apríl sl. Hún er þriðji hjúkrunarfræðingurinn sem útskrifast með doktorspróf frá læknadeildinni.

Fjórir doktorsnemar í hjúkrunar- og ljósmóðurfæði stunda nú nám við hjúkrunarfræðideild HÍ.

Andmælendur voru prófessor Vivien Coates, frá University of Ulster og dr. Ragnar Bjarnason sérfræðingur á LSH. Leiðbeinendur voru dr. Rafn Benediktsson dósent við læknadeild og leiðbeinandi var dr. Helga Jónsdóttir prófessor við hjúkrunarfræðideild HÍ.

Ritgerð Árunar heitir: „Sjálfsúmnun í sykursýki. Eflandi fræðslumeðferð sem notar kvarða til að bæta

umönnun fólks með sykursýki.“

Doktorsritgerðin samanstendur af tveim fræðilegum samantektum, þverskurðarkönnun og meðferðarrannsókn.

Í ritgerðinni er í fyrsta sinn á Íslandi gerð könnun á sálfélagslegum þáttum meðal fólks með sykursýki hér á landi.

Í doktorsverkefninu er einnig í fyrsta sinn héraðsgerð meðferðarrannsókn meðal fólks með sykursýki. Meðferðarrannsóknin tók mið af kenningum um sjálfseflingu og einstaklingsmiðaða meðferð.

Ályktanir frá rannsóknnum verkefnisins eru að sjálfsúmnunarlíkanið sé notadrjúgt til leiðbeiningar fyrir heilbrigðisstarfsfólk við



Árún (fyrir miðju) með leiðbeinendum Rafni Benediktssyni og Helgu Jónsdóttur og andmælendum Vivian Coates og Ragnari Bjarnasyni.

umönnun sykursjúkra þar sem það tekur mið af ólíkum sviðum og þáttum sem áhrif hafa á sjálfsúmnun.

Rannsóknin sýndi einnig að stutt, markviss einstaklingsbundin fræðslumeðferð þar sem kvarðar eru notaðir til að greina hvar skórin kreppir hafi notagildi til hagsbóta fyrir fólk með sykursýki.

Það helsta í blaðinu

Ritstjórnarpistill	2
Fjórir meistaranemar útskrifast	2
Leiðbeiningar í kjölfar náttúruhamfara	3
Úthlutun úr Vísindasjóði LSH	3
Innleiðing fjölskylduhjúkrunar	4
Upplýsingar um Rannsóknasjóð	4

Heimsókn frá Litháen með samstarf í huga

Irena Miseviciene aðstoðar- rektor við Kaunas University of Medicine í Litháen og Jurate Macijauskiene deildarforseti hjúkrunarfræðideildar við sama skóla komu hingað til lands í apríl sl. til að kynna sér meistara- og doktorsnám innan hjúkrunarfræðideildar HÍ

auk valdra deilda heilbrigðisvísindasviðs, með samstarf í huga.

Gestirnir áttu m.a. viðræður við deildarforseta hjúkrunarfræðideildar, læknadeildar og rektor HÍ. Þær fengu kynningu á starfsemi RSH, nokkrum af núverandi rannsóknar-

verkefnum kennara deildarinnar og verkefnum doktorsnema við deildina.

Þá heimsóttu þær framkvæmdastjóra hjúkrunar á LSH, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, hjúkrunarheimilið Sóltún og öldrunardeild LSH og buðu upp á opinn fyrirlestur.

Ritstjórnarpistill



Lilja Stefánsdóttir sviðsstjóri á LSH og stjórnarmaður RSH

Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga er haldinn í tengslum við 12.maí ár hvert, á fæðingardegi Florence Nightingale. Alþjóðasamtök hjúkrunarfræðinga ICN hafa ákveðið að helga daginn þetta árið mikilvægi hjúkrunarfræðinga í heilsuvernd og heilsugæslu sérhverrar þjóðar. Yfirskrift dagsins er: „Heilsuvernd í höndum hjúkrunarfræðinga.“ Með þessari yfirskrift vill ICN nota allt þetta ár til að leggja áherslu á mikilvægi þess að hjúkrunarfræðingar taki að sér í auknum mæli að skipuleggja, stýra og sinna heilsugæslu og heilsuvernd íbúanna, eins og segir í kynningu á heimasíðu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Sú hefð hefur verið fest í sessi á Landspítala að helga vikuna í kringum þennan dag, hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum og vekja athygli á

framlagi þeirra í spítalanum. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá þar sem m.a. má sjá árangur starfs, verkefna og rannsókna á tæplega 50 veggspjöldum sem dreift er um byggingar spítalans.

Nýlokið er vísindadögum á Landspítala. Alls voru kynnt 112 vísindaverkefni þetta árið. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu kennslu vísinda og þróunar má ætla að 12 þeirra hafi fjallað um rannsóknir í hjúkrunarfræði auk þess sem hjúkrunarfræðingar voru meðhöfundar á 20 verkefnum til viðbótar. Einnig er vert að nefna að við úthlutun styrkja úr Vísindasjóði LSH árið 2008 fengu alls 11 rannsóknir hjúkrunarfræðinga styrk og 24 hjúkrunarfræðingar og 6 ljósmæður eru skráðir samstarfsaðilar styrkþega úr ýmsum fagstéttum. Alls var úthlutað 54,5 milljónum króna til 101

vísindaverkefnis.

Framundan eru skipulagsbreytingar innan Háskóla Íslands með lögum sem eiga taka gildi þann 1. júlí nk. Boðaðar hafa verið breytingar á skipulagi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og jafnframt er ljóst að gerðar verða breytingar á skipulagi Landspítala með haustinu. Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður vænta mikils af breytingunum. Markviss þróun innan þessara fræðigreina er farin að skila sýnilegum árangri innan heilbrigðisþjónustunnar og fræðasamfélagsins.

Skipulagsbreytingar mega ekki hindra áframhaldandi vöxt og viðgang þeirra. Um það verða hjúkrunarfræðingar og ljósmæður að standa vörð.

„16. maí nk. er kynning á lokaverkefnum nema í grunnnámi, ljósmæðranema 23. maí og meistaranema 11. júní 2008“

Kynning á lokaverkefnum

Kynning á tæplega 50 lokaverkefnum hjúkrunarfræðinema á BS-stigi verða kynnt 16. maí nk. í Eirbergi.

Dagskráin stendur yfir kl. 13–17 og hefst með ávarpi Sóleyjar Bender deildarforseta. Þá flytja fulltrúar 25 ára út-

skriftarárganga erindi: Anna Soffía Guðmundsdóttir fulltrúi frá Hjúkrunarskóla Íslands og Auðna Ágústsdóttir fulltrúi frá hjúkrunarfræðideild HÍ. Síðan hefjast kynningar í stofum. Boðið er upp á kaffi og eru allir velkomnir.

Kynning á lokaverkefnum ljósmæðranema verður 23. maí nk. kl. 13–17. í Eirbergi.

Kynning á meistaraverkefnum verða 11. júní kl. 14–16 í Odda, stofu 101.

Nánari uppl. síðar um þessa tvo atburði á www.hjukrun.hi.is

Fjórir nemendur brautskrást með meistaraþróu í júní nk.

Fjórir nemendur brautskrást með meistaraþróu í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands 14. júní nk.

Helga Guðrún Hallgrímsdóttir. Heiti verkefnis hennar er - „Skurðsýkingar eftir bláæðatöku á ganglim við kransæðahjáveituaðgerðir.“ Leiðbeinendur voru Ásta St. Thoroddsen og Tómas Guðbjartsson. Herðis Sveinsdóttir var einnig í meistaranámsnefnd hennar.

Lovísa Agnes Jónsdóttir. Verkefni hennar nefnist: „Best er að taka því eins og það er“ Bið aldraðra einstaklinga eftir framtíðarúrræði á bráðadeild sjúkrahúss. Fyrirbærafræðileg rannsókn.“ Leiðbeinendur voru Helga Jónsdóttir og Ingibjörg Hjaltadóttir. Aðalsteinn Guðmundsson var einnig í meistaranámsnefndinni.

Sigrún Huld Þorgrímsdóttir. Verkefni hennar heitir: „Minningarvinna með

öldruðum Íslendingum – mat á hjálpartæki.“ Leiðbeinandi var Kristín Björnsdóttir. Helga Jónsdóttir var einnig í meistaranámsnefnd hennar.

Valgerður Lísa Sigurðardóttir. Heiti verkefnis hennar er: „Eðlilegar fæðingar, öryggi og áhætta: skynjun íslenskra ljósmæðra.“ Leiðbeinandi var Ólög Ásta Ólafsdóttir. Marianne Mead og Hildur Kristjánsdóttir voru einnig í meistaranámsnefndinni.



Ljósm./LSH, Inger

Leiðbeiningar um uppbyggingu samfélags í kjölfar stórafalla

Um þessar mundir er að ljúka stóru rannsóknarverkefni, *Langtímaviðbrögðum við náttúruhamförum*, sem Guðrún Pétursdóttir dósent við hjúkrunarfræðideild HÍ og framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða, hefur stýrt frá árinu 2005.

Í verkefninu hafa verið greind hin mörgu og ólíku verkefni sem sinna þarf til að endurleisa samfélag sem hefur orðið fyrir alvarlegu áfalli. Greiningin er síðan notuð til að semja gátlista og leiðbeiningar um verklag fyrir hina ýmsu hópa,

sem koma að endurreisninni.

Hingað til hefur höfuðáhersla viðbragða við náttúruhamförum, bæði hér heima og erlendis, verið á leit og björgun. Endurreisn samfélagsins hefur ekki verið markvisst skipulögð fyrirfram en reynslan sýnir að því betur sem samfélag er undirbúið þeim mun fyrr ná íbúar og samfélagið í heild bata.

Nýnæmi þessa verkefnis er að greina ástand mála eftir að leit, björgun og fyrstu neyðarhjálp lýkur og fylgja eftir öllum

verkpáttum þar til ástandið er komið í eðlilegt horf á ný. Það getur tekið mánuði og jafnvel ár. Þess vegna miðast leiðbeiningarnar um verklag við 5 ár eftir að áfallið reið yfir.

Verkefnið er unnið í samvinnu við verkfræðistofuna Rainrace, Rauða krossinn, Almanna-varnardeild ríkislögreglustjóra, Viðlagatryggingu Íslands og Ísafjarðarbæ, og hefur m.a. verið styrkt af Rannís.



Guðrún Pétursdóttir á fundi fyrir vestan með sr. Valdimar Hreiðarssyni á Súðavík, sr. Stínu Gísladóttur á Holti og Sólveigu Þorvaldsdóttur verkfræðingi.

Fyrst til að ljúka meistaranámi úr upphafshópi ljósmæðranema HÍ

Á alþjóðadegi ljósmæðra 5. maí sl. varði Valgerður Lísa Sigurðardóttir meistaranámsókn sína við hjúkrunarfræðideild HÍ.

Rannsóknin ber heitið: „Eðlilegar fæðingar, öryggi og áhætta: Skynjun íslenskra ljósmæðra.“ Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig ljósmæður skynja öryggi og áhættu í fæðingarhjálp og taka ákvarðanir með tilliti til

eðlilegra fæðinga. Á undanförunum áratugum hefur sjúkdómsvæðing barneignarferlisins vaxið og virðist umhverfi fæðinga einkennast í auknum mæli af áhættuhugsun. Innan ljósmóðurfræðinnar á alþjóðavísu er áhyggjuefni að eðlilegum fæðingum hefur fækkað að sama skapi.

Í ár á nám í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands 10 ára afmæli. Svo skemmtilega vill til

að Valgerður var í hópi þeirra ljósmæðra sem útskrifaðist þá en hún er fyrst ljósmæðra úr þessu námi til að ljúka meistaraþrófi.

Til að votta formæðrum í ljósmæðrastétt virðingu sína klæddist fyrsti útskriftarhópurinn peysufötum og hélt hinni gamalkunnu hlustunarpípu á lofti. Valgerður er í aftari röð sú þriðja frá vinstri.



Hjúkrunarfræðingar hlutu 12% styrkuppþæðar úr Vísindasjóði LSH

54,5 m.kr. var nýlega úthlutað til starfsmanna Landspítala úr Vísindasjóði LSH. Heildaruppþæð styrkja til hjúkrunar-rannsakenda hefur hækkað um 4 prósentustig milli árána 2007 og 2008, eða úr 8% í tæp 12% af úthlutaðum styrkjum.

Hjúkrunarfræðingar voru skráðir sem fyrstu rannsakendur í ellefu verkefnum eða einu fleiri en árið 2007. Hlutu þeir samtals kr. 6.315.000.

Hæsta styrkinn, kr. 1.080.000

hlaut Inga Þórsdóttir prófessor í raunvísindadeild og hjúkrunarfræðideild og forstöðumaður í Rannsóknastofu í næringarfræði. Heiti verkefnisins er: Næring ungbarna: Ráðleggingar og áhrif á járnþúskap; Mataræði ungbarna, inntaka næringarefna og vöxtur. Alls hlutu verkefni tengd næringarfræði kr. 2.180.000 sem deildist á þrjú verkefni.

Hæsta styrk til verkefnis stýrðu af hjúkrunarfræðingi var kr. 970.000 til Eydísar K. Svein-

bjarnardóttur sviðsstjóra hjúkrunar á geðsviði. Heiti verkefnisins er: Fjölskyldu-hjúkrun á bráðageðdeildum.

Næsthæsta styrkinn til hjúkrunnarrannsakenda, kr. 940.000 hlaut Elín J.G. Hafsteinsdóttir sviðsstjóri hjúkrunar til verkefnisins: Greiðsla fyrir sjúkrahúspjónustu – ákvörðun kaupanda, áhrif á þjónustu.



Ljósm./LSH, Inger. Úthlutað var til 101 vísindaverkefnis en sótt var um fyrir 144 verkefni.